

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 101/2009**

**frá 25. september 2009**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2009 frá 3. júlí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/962/EB frá 15. desember 2008 um breytingu á ákvörðunum 2001/405/EB, 2002/255/EB, 2002/371/EB, 2002/740/EB, 2002/741/EB, 2005/341/EB og 2005/343/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tilteknar vörur <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB), lið 2i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/405/EB), lið 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB), lið 2w (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/740/EB) og lið 2x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB):  
  
„– **32008 D 0962**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/962/EB frá 15. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 115).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 2q (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB) og lið 2s (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB):  
  
„eins og henni var breytt með:  
  
– **32008 D 0962**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/962/EB frá 15. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 115).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/962/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 115.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***O.H. Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.